



Tillaga Ísafjarðarbæjar um breytt skipulag og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum – útfærsla

Eftirfarandi er nánari útfærsla á hvernig Ísafjarðarbær, sem leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum, hyggst stýra málaflokknum í náinni samvinnu við aðildarþjónustusvæðin.

Gert er ráð fyrir að þjónustusvæðið verði ekki sjálfstæður lögaðili, heldur verði undir stjórn og framkvæmd Ísafjarðarbæjar. Þá verði gerðir þjónustusamningar milli þjónustusvæðanna sem feli í sér að Ísafjarðarbær veiti þjónustuna.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir að þjónustusvæðin deili áfram ábyrgð á málaflokknum þannig að tap og/eða hagnaður skiptist hlutfallslega, eftir íbúatölu, á milli sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Lagt er til að í stað verkefnahóps BsVest verði stofnaður ráðgjafahópur þjónustusvæðanna, mannaður með sama hætti og verkefnahópurinn. Mikil áhersla er lögð á að hann verði virkur en honum er ætlað að fylgjast með þjónustu við fólk með fötlun á Vestfjörðum, upplýsa um breytingar á þjónustusvæðunum sem geta haft áhrif á þjónustuna, leggja fram tillögur um breytingar og koma að stefnumótun í málaflokknum með virkum hætti. Ráðgjafahópurinn verði þannig vettvangur samhæfingar og samráðs allra svæða.

Jafnframt er lagt til að stofnað verði fjárhagsráð sveitarstjóra. Það er vettvangur framkvæmdastjóra aðildarsveitarfélaganna til þess að halda yfirsýn og vitund um fjárhagsstöðu málaflokksins, sem og að vera upplýstir um stöðu málaflokksins gagnvart Jöfnunarsjóði, ráðuneytum og öðrum stofnunum sem málaflokkinn varða. Ársfjórðungslega sendir fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar út stöðu rekstrar og deildarstjóri launadeildar sendir út stöðu launa, þ.e. bornar eru saman áætlanir ársins við rauntölur launa.

Meðfylgjandi er skipurit sem lýsir því hvernig Ísafjarðarbær hyggst leiða þjónustu við fatlaða á Vestfjörðum, skipuritið er að mestu samhljóða því sem gildir um fjölskyldusvið í dag og hefur gefið góða raun.

Gengið er út frá að allir starfsmenn sem vinna í málaflokknum, undir stjórn Ísafjarðarbæjar sem leiðandi sveitarfélags, verði starfsmenn Ísafjarðarbæjar.

Óverulegar breytingar verða gerðar á hlutverkum félagsmálastjóra þjónustusvæðanna, gert er ráð fyrir aukningu stöðugilda í stjórnun og ráðgjöf á tveimur svæðum en lækkun á einu svæði. Jafnframt er gert ráð fyrir nýju stöðugildi deildarstjóra á fjölskyldusviði Ísafjarðarbæjar.

Gangi tillagan eftir mun Ísafjarðarbær taka við öllum rekstri málaflokksins með samningum við aðildarsveitarfélögin en metnaður verður lagður í að viðhalda góðri samvinnu, faglegri sýn og að litið verði heildrænt á þjónustu við fatlaða á Vestfjörðum. Því þurfa öll þjónustusvæðin að vinna saman að verðugu markmiði.

Aðdragandi:

Tillaga frá Ísafjarðarbæ var lögð fyrir aðalfund Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, sem haldinn var í Bolungarvík þann 24. maí 2017:

Aðildarsveitarfélög í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs hefji sameiginlega vinnu við að skoða breytt fyrirkomulag á rekstri málaflokksins á þjónustusvæði BsVest og þá sérstaklega þann möguleika að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag, með svipuðum hætti og Sveitarfélagið Skagafjörður er fyrir sjö sveitarfélög á Norðurlandi Vestra. Markmið þessarar skoðunar væri að bæta nýtingu fjármuna og þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Niðurstaða skoðunar liggi fyrir ekki síðar en fyrir árslok 2017.

Tillagan frá Ísafjarðarbæ á sér stoð í minnisblaði frá bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar dags. 2. maí 2017 þar sem lagt var til að Ísafjarðarbær tæki að sér að vera leiðandi sveitarfélag í þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Í minnisblaðinu er ferill málsins tíundaður með skýrum markmiðum og rökstuðningi.

Í bréfi dagsettu 24. ágúst 2017, undirrituðu af Sif Huld Albertsdóttur, fyrir hönd stjórnar BsVest, er lagt til „að Ísafjarðarbær komi með nákvæmari tillögu og gögn hvernig Ísafjarðarbær sér sig sem leiðandi sveitarfélag þeirra níu sveitarfélaga sem koma að BsVest í málaflokki fatlaðs fólks.“